

**FUNDARGERÐ 457. FUNDAR STJÓRNAR SORPU**

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 8. október 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:05. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Ágúst Bjarni Garðarsson varaformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Hjördís Ýr Johnson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Sabine Leskopf sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri.

Tekið fyrir**1. Samningur við Endurvinnsluna hf. lagður fyrir stjórn**

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri Endurvinnslustöðva, tekur sæti á fundinum við upphaf fundar.

Rekstrarstjóri Endurvinnslustöðva leggur fram til samning við Endurvinnsluna hf. Samningurinn gildir til ársloka 2022.

Stjórn Sorpu bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU samþykkir framlagðan samning við Endurvinnsluna hf.“

2. Lambhagavegur – kynning á frumhönnun og kostnaðarmati

Rekstrarstjóri Endurvinnslustöðva kynnir frumhönnun og kostnaðarmat við gerð nýrrar endurvinnslustöðvar sem fyrirhugað er að taki við þegar endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða verður lokað. Útfærsla stöðvarinnar tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur á endurvinnslustöðvum erlendis síðustu árin.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU tekur undir hugmyndirnar og heimilar áframhaldandi undirbúning og hönnun á grunni þeirrar tillögu sem kynnt var á fundinum.“

Guðmundur Tryggvi Ólafsson vísar af fundi klukkan 14:47.

3. Staðan á gallamáli GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni á gallamáli í GAJU. Framkvæmdastjóri leggur til að komið verði á fót sérstökum starfshópi með það að markmiði að ná heildaryfirsýn yfir verkið í GAJU, markmiðum þess og niðurstöðu.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU samþykkir að fela framkvæmdastjóra að koma á fót sérstökum starfshópi með það að markmiði að ná heildaryfirsýn yfir verkið í GAJU, markmiðum þess og niðurstöðu í samræmi við erindisbréf sem liggur fyrir fundinum.“

4. Breytingar á móttökuskilmálum í Álfsnesi og Gufunesi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu urðunar í Álfsnesi og tillögu um heimild til handa framkvæmdastjóra að breyta móttökuskilmálum þeirra úrgangsflokka sem þörf krefur til að lágmarka urðun í Álfsnesi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU heimilar framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.“

5. Niðurstaða útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Í ljósi þess að öll framkomin tilboð eru hærri en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun ákveður stjórn SORPU að hafna öllum tilboðum í útflutning á brennanlegum úrgangi og felur framkvæmdastjóra að leita annarra leiða eða samninga um útflutning á brennanlegum úrgangi.“

6. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 15. október klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:16.